




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LITU
TÓNSPROTINN

STRÁKURINN OG SLIKKERIÐ

ROALD DAHL 100 ➤



4. MAÍ
2019

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 4. MAÍ KL. 14:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Noam Aviel *hljómsveitarstjóri*

Brynhildur Guðjónsdóttir *söngvari og sögumaður*

Unnsteinn Manuel Stefánsson *söngvari og sögumaður*

Stúlknaþór Reykjavíkur

Margrét J. Pálmadóttir,

Sigríður Soffía Hafliðadóttir og

Guðrún Árný Guðmundsdóttir *kórstjórar*

Quentin Blake *myndir*



Listasmiðja í Hörpuhorni

Boðið verður upp á listasmiðju í Hörpuhorni að tónleikum loknum.

Þar munu blöðrumeistarar aðstoða tónleikagesti við að búa til sín eigin listaverk.

Öll réttindi áskilin:

RÖLD DAHL ▶

DAGSKRÁ

Jóhann G. Jóhannsson

Strákurinn og slikerfið

Tónlistarævintýri byggt á sögu eftir Roald Dahl

Forleikur

Bara gott!

Frá kjallara og upp í kvist

Pelíkanasöngur

Gíraffinn, Peli og ég!

Pungar eru raunir

Boðskapur bílstjórans

Húrra fyrir honum!

Gjugg í borg!

Stigalusa gluggapvottafélagið

Minn háls nær herra

Gimsteinaarían

Peli drýgir hetjudáð


Heillavinir góðir!

Þetta góða tilboð

Lífið er komið!

Búð verður til

Slikeríshátíðin



STRÁKURINN OG SLIKKERÍÐ

Aðalsöguhetjan er lítill strákur sem dreymir um að eignast sína eigin sælgætisbúð. Hann hefur augastað á gömlu húsi í götunni sinni, en þar var einmitt búð í gamla daga þar sem hægt var að kaupa sælgæti – eða slikkerí eins og það var þá stundum kallað. Dag einn verður hann þess var að í þetta hús, sem svo lengi hafði staðið autt, er að færast líf. Úti í glugga blasir nú við skilti sem á er krotað: *STIGALAUUSA GLUGGAÞVOTTAFÉLAGIÐ*. Nýju íbúarnir þrír koma brátt í ljós og þeir eru engir venjulegir gluggaþvottamenn! Þetta eru stór og tignarlegur pelíkanafugl með risastóran gogg, lítill og liðugur api og gíraffafrú sem er svo hávaxin að þegar hún stendur á kjallaraðgölfinu getur hún gægst út um gluggann á kvistherberginu uppi á þakinu. Atvikin haga því þannig að strákurinn vísar þessum nýju vinum sínum heim að stórrí og glæsilegri höll þar sem virðulegur hertogi tekur á móti þeim, alsæll yfir að nú muni hann bráðum geta séð almennilega út um gluggana sína sjöhundruð og tvo! Þar með hefst atburðarás sem engan gat órað fyrir.

Slikkeríshátíðin

„Ó, hvað er gott að borða inndælur,
ilhýrur og namppírur og kinngætur,
mallakitlur og kviðrildi,
karamellusleikipinnafíðrildi,
fimmurapúfur og froðusnakk,
freyðibobba, eðurkobbá' og kverkabjakk,
kviðslitrur og kjútípæjur,
kakkalakkrísútatægjur,
kattsjitti og smjatttitti og jömmíjakk!

Vá, hvað er gott að fá venesúellur,
vladivosstokka og dardanellur,
höddsonbeygjur og hinstagramm,
havanagílur og panamminamm!“
Að endingu drengurinn alla gesti
út vill leysa með góðu nesti:
eldsúlututtlum og rommkúlureyk
og regnbogaskutlum sem bregða á leik!

Nú slikkeríshátíðinni slitíð er,
það sleikja allir út um, hvert sem litið er!
Við klárum nú þennan litla kvæðabálk
og kveðjum strákinn – Gottskálk!

Jóhann G. Jóhannsson



LITLI TÓNSPROTINN Á KOMANDI STARFSÁRI

Lau. 5. október 2019 kl. 14:00

Tímaflakk í tónheimum

Á fyrstu tónleikum Litla tónsprotans er tónleikagestum boðið í tímaflakk um tónheima þar sem Sinfóníuhljómsveitin flytur sig eftir tímaás tónlistarsögunnar og staldrar við merk kennileiti. Leiðsögumenn í þessum magnaða leiðangri um undraveröld tónlistarinnar eru Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson. Hljómsveitarstjóri er Michelle Merrill.

Lau. 14. desember 2019 kl. 14:00 & 16:00

Sun. 15. desember 2019 kl. 14:00 & 16:00

Jólatónleikar

Sannkölluð hátíðarstemning svífur yfir vötnum á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem jólatónlist í nýjum og gömlum búningi verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Kynnir er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason.

Lau. 14. mars 2020 kl. 14:00

Dimmalimm og Svanavatnið

Listmálarinn Muggur, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um Dimmalimm handa lítilli frænku sinni þegar hann var á siglingu á Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersema listmálarans en við það samdi Atli Heimir Sveinsson gullfallega tónlist. Það er við hæfi á þessum ævintýralegu tónleikum að fylgja Dimmalimm úr hlaði með völdum þáttum úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj. Kynnir tónleikanna er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason.



Lau. 25. apríl 2020 kl. 14:00

Thorbjörn Egner-tónleikar

Sinfóníuhljómsveitin okkar tekst nú á hendur í fyrsta sinn stórkostlega skemmtilegt ferðalag til Kardemommubæjar og Hálsaskógar þaðan sem Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Örn Árnason ásamt Kór Kársnesskóla flytja sögurnar og söngvana sem hafa glatt unga jafnt sem aldna um langt árabíl. Jóhann G. Jóhannsson klæðir ævintýrin í hljómsveitarbúning og hljómsveitarstjóri er Marit Strindlund.

Á tónleikaröðinni Litla tónsprotanum kynnast börn töfraheimi tónlistarinnar á lifandi og skemmtilegan hátt.

Trygðu fjölskyldunni sæti næsta vetur.

Endurnýjun og sala nýrra áskriftakorta hefst í byrjun júní.

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50



[@icelandsymphony](https://www.facebook.com/icelandsymphony) / #sinfó